

## Rökstuðningur dómnefndar Kuðungsins maí 2020

Dómnefnd Kuðungsins vann undir sérkennilegum aðstæðum vorið 2020 eins og allir landsmenn. Byrjað var að auglýsa eftir tilnefningum vikuna áður en fyrsta tilfelli COVID19 greindist á Íslandi. Með fjarfundum tókst þó að hittast og fara yfir tilnefningar og svo í heimsóknir til fyrirtækja eftir að byrjað var að aflétta samkomuhöftum 4. maí sl. Fjöldi tilnefninga bárust og eins og oft áður fannst nefndinni erfitt að velja á milli en horft var til vinnureglna dómnefndarinnar og frammistaðan metin eftir þeim.

Að lokum varð EFLA verkfræðistofa fyrir valinu. Þegar horft er til vinnureglnanna „tikkar“ EFLA í öll box og vel það. EFLA hefur frá upphafi leitast við að vera leiðandi í umhverfismálum, hvort sem er í eigin rekstri eða í framboði á umhverfisvænum lausnum sem stuðla hvoru tveggja að framförum viðskiptavina og eflingu samfélaga. Umhverfisráðgjöf skipar stóran sess í þjónustu fyrirtækisins og hefur EFLA aðstoðað á þriðja tug fyrirtækja við innleiðingu umhverfisstjórnunar. Þá hefur fyrirtækið rutt brautina fyrir ný úrræði í umhverfismálum umfram þær kröfur sem settar eru í lögum og reglugerðum. Þar má nefna gerð vistferilsgreininga, ráðgjöf við vistvænar vottanir bygginga auk lausna sem snúa að umhverfisverkfræði eins og ráðgjöf vegna úrgangsmála, endurvinnslu lífræns úrgangs, vistvænna ofanvatnslausna og vistvæns skipulags. Hjá EFLU er umhverfisvinkillinn settur á öll verkefni en slík umhverfistenging er gríðarlega mikilvæg hjá fyrirtæki sem sinnir margskonar ráðgjöf og verkefnastjórnun.

Við mat á fyrirtækinu var meðal annars horft til umhverfisstjórnunar en í tilfelli EFLU nær hún til allrar starfsemi fyrirtækisins á Íslandi og í Noregi, hvort sem varðar ráðgjafarþjónustu, almennan rekstur á skrifstofum, rannsóknarstofum, í innkaupum og við val á birgjum. Í lok árs 2018 flutti fyrirtækið í nýtt húsnæði en við endurbyggingu þess voru gerðar kröfur um BREEAM umhverfisstjórnun þar sem rík áhersla var lögð á vistvæn byggingarefni, góða hljóðvist, flokkunarstöðvar og góða aðstöðu fyrir starfsfólk sem stundar virka ferðamáta.

Fyrirtækið tekur þátt í rannsóknarverkefnum tengdum umhverfismálum af ýmsum toga með háskólasamfélaginu, sveitarfélögum og viðskiptavinum. Í sumum tilfellum er um stór verkefni að ræða þar sem leiða þarf saman marga ólíka hópa en einnig má nefna verkefni með Nýsköpunarsjóði námsmanna þar sem skoðað var hvernig væri hægt að nýta kaffikubba sem orkugjafa. Starfsmenn eru einnig sjálfir í ýmiskonar tilraunastarfsemi og sem dæmi er búið að setja upp gróðurhús á þaki húsnæðis EFLU í Reykjavík sem er tengt við sólarcellu og er gert ráð fyrir að þar verði ræktaðar kryddjurtir og fleira fyrir starfsfólk hússins.

EFLA vinnur markvisst að því að minnka eigið kolefnisspor en einnig annarra og vakti athygli með útreikningum á kolefnisspori mismunandi máltíða í eigin mötuneyti, svokallað matarspor. Hluti af þjónustu fyrirtækisins er að reikna út kolefnisspor fyrir viðskiptavinum vegna mjög ólíkra verkefna og þjónustu, allt frá umbúðum til bygginga og skipulags.

EFLA hefur stefnt að 90% endurvinnsluhlutfalli og árið 2018 náðist það upp í 88%. Á síðasta ári dró hins vegar aftur úr því þegar það fór í 72%. Sú breyting er rakin til aukins úrgang sem féll til vegna flutninga fyrirtækisins, en það stefnir ótrautt að fyrri árangri á þessu sviði. Hluti af ráðgjöf til viðskiptavina snýr að úrgangsstjórnun og hvernig hægt er að draga úr myndun úrgangs eða nýta hann beinlínis til góðra verka. Dæmi um það er verkefni sem gengur út á að nýta seyru frá salernum eða svokallað svartvatn til landgræðslu.

Lögð er áhersla á umhverfisstarf með starfsfólki. Í boði eru rafmagnshjól fyrir starfsmenn, haldin er sérstök umhverfisvika, reglubundin málþing um málefni tengd umhverfinu og loftslagsmál eru haldin á vegum fyrirtækisins á sama tíma og starfsfólk EFLU heldur mikilvægum umhverfistengdum málum á lofti í fagmiðlum, fjölmiðlum og á innlendum sem erlendum ráðstefnum.

Að öllum þessum atriðum samantöldum er ljóst að EFLA hefur veruleg jákvæð áhrif á samfélagið og umhverfismál með sínu daglega starfi, bæði fyrir eigin rekstur og sína viðskiptavini.